

Nd. 791. Frumvarp til laga [431. mál]
um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI

Tilgangur.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að efla innlendir rannsóknir á fisksjúkdómum og reglubundið eftirlit með heilbrigði hrognra, seiða og alifiska.

II. KAFLI

Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

2. gr.

Við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal starfa deild, Rannsóknadeild fisksjúkdóma, er hafi það hlutverk að annast rannsóknir á fisksjúkdómum, sjúkdómsgreiningar á fiski, útgáfu heilbrigðisvottorða og aðra skylda starfsemi.

Deildin lætur fiskeldisstöðvum í té vottorð um heilsufar fisks í stöðinni eftir því sem reglubundið eftirlit og rannsóknir deildarinnar gefa tilefni til.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 11/1947, og setur honum erindisbréf. Hann skal hafa sérmenntun á sviði fisksjúkdómarannsóknna.

Deildarstjóri sér um stjórn deildarinnar og markar henni stefnu og starfssvið í samræmi við lög og reglur og sér um tengsl við þá er varnir gegn fisksjúkdómum varða. Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar, ber ábyrgð á fjárreiðum deildarinnar og ræður henni starfsfólk.

4. gr.

Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur yfirstjórn forstöðumanns Tilraunastöðvar í meinafræðum.

5. gr.

Verkefni Rannsóknadeildar fisksjúkdóma skulu m. a. vera:

1. Að stunda rannsóknir á sviði fisksjúkdóma.
2. Að greina sjúkdóma er upp kunna að koma í alifiski.
3. Að rannsaka, þegar þess er þörf, alifiska sem fengið hafa lyfjagjöf.
4. Að veita fiskeldisstöðvum hvers konar aðstoð og ráðgjöf er að gagni má koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og tryggja heilbrigði fiska.
5. Að gefa út heilbrigðisvottorð samkvæmt tillögum fisksjúkdómanefndar og í samræmi við erlendar kröfur vegna útflutnings. Heilbrigðisvottorðin byggja á reglubundnu eftirliti og sýnum frá eldisstöðvum, sem og sýnum úr villtum fiskum sem valdir eru til undaneldis.
6. Að sinna öðrum skyldum verkefnum eftir ákvörðun forstöðumanns.
Menntamálaráðherra setur Rannsóknadeildinni starfsreglur.

6. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal starfa í samvinnu við fisksjúkdómanefnd og dýralækni fisksjúkdóma.

Rannsóknadeildin getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir vegna fisksjúkdóma í landinu.

7. gr.

Starfsmenn rannsóknadeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir fiskeldisfyrirtækjum eða sitja í stjórn slíkra fyrirtækja.

8. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal árlega semja skýrslu um starfsemi sína og senda hana menntamálaráðherra.

9. gr.

Rannsóknadeildinni skal sett gjaldskrá fyrir þjónustu er hún veitir. Skal hún staðfest af menntamálaráðherra.

III. KAFLI

Fisksjúkdómarannsóknir.

10. gr.

Fisksjúkdómanefnd setur reglur um lágmarkstíðni sýnatöku og fjölda sýna sem tekin skulu úr hverri klak- og eldisstöð til að tryggja grunneftirlit. Skulu allar klak- og eldisstöðvar hlíta slíku eftirliti hvort sem um sölu úr stöðinni er að ræða eða ekki. Þegar um sýnatöku vegna fyrirhugaðs útflutnings er að ræða skal rannsóknadeildin ganga úr skugga um að sýnatökur séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

Í hverri eldisstöð skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform þar sem skráðar eru heimsóknir fulltrúa Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og niðurstöður eftirlits dýralækna og athugasemdir þeirra, sem og önnur fyrirmæli er varða sjúkdómavarnir.

Vilji umsjónarmaður eldisstöðvar eigi hlíta skriflegum fyrirmælum eftirlitsaðila er rétt að skjóta málinu til úrskurðar landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Á grundvelli reglubundins eftirlits og sýnatöku skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma rannsaka sýni með viðurkenndum aðferðum. Finnist ekkert athugavert við rannsókn er sú niðurstaða skráð í skýrslur um viðkomandi stöð. Þær niðurstöður eru grundvöllur útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. 14. gr.

Ef tilteknir smítsjúkdómar, sem taldir eru hættulegir eða sérstaklega er getið í reglugerð, greinast skal rannsóknadeildin þegar í stað tilkynna um sjúkdóminn til fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma.

Fisksjúkdómanefnd skal þá í samráði við Rannsóknadeild fisksjúkdóma og dýralækni fisksjúkdóma gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar aðgerðir og varúðarráðstafanir.

Að fengnum úrskurði ráðherra skal dýralæknir fisksjúkdóma hafa með höndum nauðsynlegar aðgerðir í samvinnu við héraðsdýralækna.

12. gr.

Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, dýralæknir fisksjúkdóma, svo og héraðsdýralæknar eða fulltrúar þeirra, skulu hafa frjálsan aðgang að fiskeldisstöðvum og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar.

Gæta skulu þeir þó þess að valda ekki meiri truflun á starfsemi en nauðsynleg er hverju sinni.

Eigi er þó heimilt að krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Ekki er heimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem ætla má að fara eigi leynt.

13. gr.

Forráðamönnum eldisstöðva er skylt að tilkynna Rannsóknadeild fisksjúkdóma, héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef vart verður við sjúkdóm í stöðinni. Þeim er og skylt að upplýsa um öll þau atriði sem að gagni mega koma til að greina sjúkdóminn og hefta útbreiðslu hans.

14. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal veita klak- og eldisstöðvum heilbrigðisvottorð, enda hafi reglubundið eftirlit og rannsóknir sýna ekki leitt í ljós sjúkdóma í stöðinni eða grun um þá. Slíkt vottorð veitir heimild til sölu á fiski og sóttþreinsuðum hrognum innanlands eða til útlanda, sbr. 10. gr., með þeim almennu takmörkunum sem um það kunna að gilda hverju sinni.

15. gr.

Óski fiskeldisstöð eftir frekari rannsóknum en mælt er fyrir um í lögum þessum skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma verða við slíkri beiðni eftir því sem kostur er, á kostnaðarverði, og afhenda síðan niðurstöður í skýrslu eða með vottorði eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Kostnaður.

16. gr.

Gjaldskrá skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Rannsóknadeildar fisksjúkdóma. Fiskeldisstöð leggur til sýni vegna eftirlits og rannsókna án endurgjalds. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af því að fiskeldisstöðvarnar greiði tvo þriðju hluta af launa- og rekstrarkostnaði við skyldurannsóknir, sbr. 10. gr.

Kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöð, sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna uppkomins sjúkdóms, skal greiddur úr ríkissjóði.

Að öðru leyti skal starfsemi deildarinnar kostuð úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

2. mgr. 75. gr. laga nr. 76/1970 orðast svo:
Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og dýralæknir fisksjúkdóma skulu vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

18. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim skal refsa með sektum en með varðhaldi séu sakir miklar.

Með mál vegna brota skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Stöðu sérfræðings fisksjúkdóma skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við þingsályktanir á síðasta þingi skipaði forsætisráðherra nefnd til þess að gera tillögur um hvernig efla megi fiskeldi hér á landi og með hvaða hætti stjórnsýslulegri ábyrgð á fiskeldi skuli fyrir komið. Í nefnd þessari eiga sæti alþingismennirnir Eyjólfur Konráð Jónsson, Kjartan Jóhannsson og Stefán Valgeirsson, Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, Jónas Matthíasson verkfræðingur, tilnefndur af Sambandi fiskeldisstöðva, Árni Ísaksson deildarstjóri á Veiðimálastofnun og Gunnlaugur M. Sigmundsson viðskiptafræðingur sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf s. 1. haust og hefur síðan skilað áfangaskýrslum til ríkisstjórnarinnar. Nefndin markaði þegar á fyrsta fundi sínum þá stefnu að brýnast í fiskeldismálum væri að setja reglur um heilbrigðiseftirlit með eldisfiski. Eftir samráð við ýmsa þá aðila, er mál þetta varðar, var það samdóma niðurstaða nefndarmanna að rétt væri að koma á fót sjálfstæðri deild til þess að sinna slíku eftirliti við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Nefndin samdi í framhaldi af því lagafrumvarp það sem hér er lagt fram.

Að mati nefndarinnar er það einkum tvennt sem kallar á að settar séu nú þegar ítarlegar reglur um heilbrigðiseftirlit með fiskeldisfyrirtækjum. Í fyrsta lagi þarf að gæta hagsmuna heildarinnar og koma í veg fyrir að sjúkdómur, sem upp kann að koma í einni stöð, nái að breiðast út til annarra stöðva og jafnvel heilla landsvæða. Í öðru lagi liggur fyrir að á bestu mörkuðum fyrir afurðir eldisstöðva er ekki leyfður innflutningur seiða eða eldisfisks nema opinbert eftirlit votti heilbrigði fisksins. Jafnframt þarf eftirlitsstofnun að hafa sinnt reglubundnu eftirliti með viðkomandi eldisstöð allan eldistímann samkvæmt forskrift þessara þjóða.

Hér eru miklir viðskiptahagsmunir í húfi og ljóst að núverandi heilbrigðiseftirlit annar engan veginn eftirliti með þeim mikla fjölda stöðva sem nú eru komnar eða eru að komast í rekstur. Fyrir liggur að helstu viðskiptalönd okkar gera misjafnlega miklar kröfur til þeirra stöðva er framleiða eldisfisk eða seiði sem flytja á inn í viðkomandi lönd. Sá aðili, sem sinnir

Þessu heilbrigðiseftirliti hér á landi, verður því að vera undir það búinn að taka tillit til ófyrirséðra og nýrra krafna sem fram kunna að koma í þessum löndum. Því er hér gert ráð fyrir að sá aðili, sem með þessi mál fer, njóti allmikils sjálfstæðis til að ákveða hverra rannsóknna er þörf á hverjum tíma.

Undanfarin ár hefur verið starfandi við Tilraunastöð Háskólans að Keldum einn fisksjúkdómafræðingur. Staða þessi var stofnuð á grundvelli 2. mgr. 75. gr. í X. kafla laga um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þeim lögum er ráðherra þeim, er fer með málefni tilraunastöðvarinnar, „rétt“ að skipa í umrædda stöðu. Málefni Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum heyra undir menntamálaráðherra.

Á s. 1. vori voru samþykkt lög á Alþingi um breytingu á lögum um dýralækna. Samkvæmt þeim er heimilt að skipa sérstakan dýralækni í fisksjúkdómum. Dýralæknir fisksjúkdóma hefur réttindi og skyldur héraðsdýralækna og starfar undir stjórn yfirdýralækni sem aftur heyrir undir landbúnaðarráðherra. Í sömu lögum er kveðið svo á að dýralækni í fisksjúkdómum skuli sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Rannsóknir á fisksjúkdómum og lækningar fisksjúkdóma eru því undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta. Nefndin, sem frumvarpið samdi, taldi að af þessu væri nokkurt óhagræði en sá þó ekki ástæðu til að gera breytingar þar á að sinni a. m. k.

Rannsóknadeildinni er fyrst og fremst ætlað að greina sjúkdóma með rannsóknna- og tilraunavinnu eða staðfesta með sama hætti að fiskur eða seiði úr tilteknum stöðvum séu ekki haldin sjúkdómum. Talið er að slík starfsemi njóti hagræðis af sambýli við aðra rannsóknastarfsemi Háskólans og því sé ekki rétt að sameina þetta nú. Í niðurstöðum sínum taldi nefndin þó að ykist fiskeldi verulega hér á landi gæti verið rétt að endurskoða þessa tilhögun, sérstaklega ef umfang fiskeldisins verður það mikið að rétt þygi að koma á fót sérstakri stofnun. Gæti hún sinnt öllum þörfum þessarar atvinnugreinar, bæði rannsóknnum, eftirliti, vottorðagjöf, lækningum og jafnvel gæðamati. Nokkur ár munu enn líða áður en ljóst verður hvort fiskeldið verður það umfangsmikið að kalli á slíkar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa umfram það sem sagt er í almennum athugasemdum.

Um 2. gr.

Mikið hagræði er í því fólgandi að þessi starfsemi hafi aðgang að aðstöðunni á Keldum, bæði tækjum, rannsóknastofum og þeirri þekkingu sem til er að Keldum og í Háskóla Íslands. Hins vegar er talið rétt að hafa þessa starfsemi skýrt aðgreinda fjárhagslega þar sem eldisfyrirtækjum er ætlað að greiða stærstan hluta rekstrarkostnaðar við deildina, svo sem vikið er að síðar í athugasemdum við 4. og 16. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér að menntamálaráðherra skipi deildarstjóra deildarinnar eins og nú er um fisksjúkdómafræðinginn. Ákvæði eru um menntunarkröfur til þess er starfinu gegnir þar sem sýnt hefur verið fram á að erlend heilbrigðisyfirvöld, sérstaklega í Bandaríkjunum, gera ríkar kröfur til menntunar þess aðila sem vottar heilbrigði á fiski sem flytja á inn til landsins. Í reglum í Bandaríkjunum eru auk þess heimildir til þess að láta viðkomandi einstakling gangast undir próf áður en stofnun sú, er hann veitir forstöðu, fær viðurkenningu til að votta heilbrigði eldisfisks.

Gert er ráð fyrir að deildarstjórinn hafi umsjón með starfi hennar að öðru leyti en því er segir í 4. gr. um forstöðumann Tilraunastöðvarinnar sjálfrar.

Um 4. gr.

Ætlast er til þess að eldisstöðvarnar beri umtalsverðan hluta af kostnaði við rekstur Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. einnig athugasemdir við 16. gr. Því er talið rétt að hafa fjárhag deildarinnar og bókhald alveg aðskilið frá öðrum rekstri Tilraunastöðvarinnar að Keldum. Deildin verður rekin sem sjálfstæð deild innan Tilraunastöðvarinnar að Keldum.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa að öðru leyti en því er að útgáfu heilbrigðisvottorða lýtur. Samkvæmt því, sem hér er lagt til, gerir fisksjúkdómanefnd tillögur um það lágmarkseftirlit sem sinna þarf til að vernda hagsmuni heildarinnar og til þess að heimilt sé að selja eldisfisk innanlands. Rannsóknadeildin getur hins vegar þurft að gera fleiri rannsóknir á fiski úr þeim stöðvum sem hyggjast selja afurðir sínar til landa sem gera aðrar eða strangari kröfur en gerðar eru hér innanlands.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um samband deildarinnar og fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma. Gert er ráð fyrir að náið samband sé milli þessara aðila. Tekið er fram að deildin geti leitað til annarra rannsóknastofnana um úrlausn einstakra verkefna, svo sem fódurrannsókna o.fl.

Um 7. gr.

Vegna þeirra miklu hagsmuna, sem í húfi geta verið, er talið rétt að starfsmenn deildarinnar séu hvorki fjárhagslega tengdir einstökum fiskeldisfyrirtækjum né sitji í stjórn slíkra fyrirtækja.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein er deildinni gert að senda menntamálaráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína. Skal það veita deildinni og starfsmönnum hennar aðhald og vera trygging þess að stöðin sé vel rekin.

Um 9. gr.

Sjá athugasemdir við 16. gr.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf, sbr. og það sem sagt er í athugasemdum við 5. gr.

Um 11. gr.

Samkvæmt ákvæðum í þessari grein skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma tilkynna þegar í stað til fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma ef vart verður við smitsjúkdóma í fiski í eldisstöð.

Samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, skal fisksjúkdómanefnd gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma. Rétt er því talið að Rannsóknadeild fisksjúkdóma sé gert að tilkynna fisksjúkdómanefnd þegar í stað ef vart verður við tiltekna smitsjúkdóma.

Á síðasta ári var samþykkt á Alþingi breyting á lögum um dýralækna er stofnað var embætti dýralæknis í fisksjúkdómum. Með hliðsjón af þessu er Rannsóknadeildinni einnig gert að tilkynna til embættis dýralæknis í fisksjúkdómum ef vart verður við sjúkdóm.

Samkvæmt 80. gr. laga um lax- og silungsveiði er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að ákveða hvers konar ráðstafanir sem að gagni megi koma til þess að hefta útbreiðslu sjúkdóma í fiski. Áður en ráðherra fyrirskipar tilteknar ráðstafanir skal hann þó leita tillagna frá fisksjúkdómanefnd. 3. mgr. 11. gr. frumvarps þess sem hér er lagt fram kveður hins vegar svo á að fisksjúkdómanefnd skuli áður en hún sendir ráðherra tillögur sínar hafa um þær samráð við Rannsóknadeild fisksjúkdóma og dýralækni fisksjúkdóma.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um rétt starfsmanna deildarinnar, svo og dýralækna, til aðgangs að fiskeldisfyrirtækjum og trúnaðarskyldu þeirra gagnvart fyrirtækjunum.

Um 13. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Heilbrigðisvottorð, sem fjallað er um í þessari grein, á að gefa eldisfyrirtækjum heimild til að selja seiði, fisk og sóttgreinsuð hrogn milli stöðva hér innanlands. Slík vottorð eru til þess fallin að gæta hagsmuna heildarinnar og koma í veg fyrir að sjúkdómur, sem kann að leynast í einni stöð, nái að breiðast út til annarra stöðva.

Um 15. gr.

Eins og áður er vikið að eru gerðar misjafnlega strangar kröfur um heilbrigðisvottorð eldisfisks í þeim löndum sem íslenskar stöðvar munu helst selja til. Gera verður ráð fyrir að sum eldisfyrirtækin vilji eiga kost á frekara eftirliti og rannsóknum en krafist verður vegna sölu innanlands. Samkvæmt þessari grein skal deildin sinna slíkum óskum enda greiði eldisfyrirtækið kostnaðarverð slíkrar þjónustu.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um greiðslu rekstarkostnaðar stöðvarinnar. Samkvæmt þessari grein er fyrirtækjum þeim, er njóta þjónustu deildarinnar, ætlað að greiða tvo þriðju hluta af kostnaði við rekstur hennar. Ríkissjóði er hins vegar ætlað að greiða einn þriðja hluta rekstarkostnaðar vegna þess þáttar í starfsemi deildarinnar sem lýtur að því að gæta hagsmuna heildarinnar, þ.e. að gæta þess að landið verði áfram tiltölulega laust við þá sjúkdóma sem vitað er að herja á eldisstöðvar í sumum nágrennalöndum okkar. Eins og fram kemur í athugasemdum við 15. gr. er ráð fyrir því gert að eldisstöðvar greiði að fullu kostnað við aðrar rannsóknir en krafist er af innlendum yfirvöldum.

Um 17. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir því að staða sérfræðings í fisksjúkdómum við Tilraunastöð Háskólans að Keldum breytist við gildistöku laga þessara í stöðu deildarstjóra rannsóknadeildarinnar, enda býr hann yfir viðtækri þekkingu á fisksjúkdómum og hefur fylgst náið með þróun þessara mála hér á landi s.l. áratug. Þá er og sett ákvæði um endurskoðun laga þessara innan fimm ára frá gildistöku. Nefndin, sem frumvarpið samdi, álfur þróun í fiskeldismálum svo öra að ógerlegt sé að segja um hvað henta kunní í þessum efnun að fimm árum liðnum. Því sé rétt að lögín komi sjálfkrafa til endurskoðunar innan ákveðins tíma.